



# Samþykktir fyrir Arion banka hf.

## Articles of Association for Arion Bank.

### I. kafli Almennt um félagið

#### 1 Nafn félagsins, heimili og tilgangur

- 1.1 Félagið er hlutafélag og nafn þess er Arion banki hf.
- 1.2 Erlent hjáheiti félagsins er Arion Bank.
- 1.3 Heimili félagsins er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að koma á fót útibúum félagsins innanlands sem erlendis.
- 1.4 Félagið er fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka og hafa með höndum hverja þá starfsemi sem viðskiptabanka er heimilt að annast samkvæmt lögum á hverjum tíma og tilgreind eru í starfsleyfi félagsins, sem og hverja þá starfsemi aðra sem stendur í eðlilegum tengslum við slíka starfsemi. Er félaginu heimilt að gerast eignaraðili að öðrum félögum í því skyni að sinna slíkri starfsemi.

### II. kafli Hlutafé félagsins

#### 2 Hlutafé

- 2.1 Hlutafé félagsins er kr. 1.462.335.382,00 – einn milljarður fjögur hundruð sextíu og tvær milljónir þrjú hundruð þrjátíu og fimm þúsund þrjú hundruð áttatíu og tvær krónur.
- 2.2 Hlutafé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutafjár og er hver hlutur ein (1) króna að nafnverði.

#### 3 Hækkun og lækkun hlutafjár

- 3.1 Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.
- 3.2 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjareign sína. Nýti hluthafi ekki forgangsrétt sinn að nýjum hlutum eiga aðrir hluthafar hlutfallslega aukinn rétt til áskriftar í hans stað. Heimilt er að víkja frá forgangsrétti hluthafa, sbr. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

### Section I General on the Company

#### 1 Name of Company, address and purpose

- 1.1 The Company is a public limited company with the Icelandic name Arion banki hf.
- 1.2 The Company's foreign trading name is Arion Bank.
- 1.3 The Company's head office is in Reykjavík. The Company's Board of Directors may establish branches of the company both in Iceland and abroad.
- 1.4 The Company is a financial undertaking. The purpose of the Company is to operate a commercial bank and to pursue any and all activities which a commercial bank may carry out pursuant to applicable laws and as specified in the Company's banking license, as well as any other activities normally connected with such operations. The Company may acquire holdings in other companies for the purpose of pursuing such activities.

### Section II The Company's share capital

#### 2 Share capital

- 2.1 The Company's share capital is ISK 1,462,335,382.00 - one billion four hundred and sixty-two million three hundred and thirty-five thousand three hundred eighty-two Icelandic kronur.
- 2.2 All of the Company's share capital is of a single class and each share is ISK 1 nominal value.

#### 3 Increase and reduction of share capital

- 3.1 The Company's share capital may be increased by a resolution of a shareholders' meeting either through subscription for new shares or by the issuance of bonus shares, such resolution requiring the same number of votes as required for the amendment of these Articles of Association.
- 3.2 Shareholders shall have pre-emptive rights to new shares in direct proportion to their shareholdings. Should a shareholder fail to exercise its pre-emptive rights to new shares the entitlement of other shareholders shall be increased proportionally in its stead. Pre-emptive rights may be waived, as per paragraph 3 of Article 34 of Act No. 2/1995 on Public Limited Companies.

- 3.3 Með vísan til ákvörðunar hluthafafundar þann 20. mars 2019 („ákvörðun hluthafafundar“), voru hinn 26. febrúar 2020 gefin út breytanleg skuldabréf („skuldabréfin“), sem uppfylla kröfur sem viðbótar eigin fjár þáttur 1 samkvæmt 51. og 52. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR), að upphaflegri fjárhæð samtals USD 100,000,000 og skráð í kauphöllinni í Lúxemborg. Skuldabréfin eru varanleg (án gjalddaga), víkjandi og breytanleg og gefin út undir EUR 3.000.000.000 EMTN útgáfuramma félagsins. Er stjórn félagsins heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt skuldabréfunum. Fjárhæð skuldabréfanna og skilyrði umbreytingarinnar er ákvörðuð þannig að heildarfjöldi hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu („umbreytingarhlutirnir“), á grundvelli þessarar heimildar, skulu ekki verða fleiri en 211.416.490 hlutir. Hámarksfjöldi umbreytingarhluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu skuldabréfanna getur aukist samkvæmt skilmálum og skilyrðum skuldabréfanna, s.s. vegna hvers kyns útgáfu hluta á lægra verði en markaðsverði, útgáfu jöfnunarhluta, útgáfu áskriftarréttinda á lægra verði en markaðsverði, hvers kyns annarrar útgáfu fjármálagerninga til hluthafa í heild eða útgáfu annarra breytanlegra gerninga, umbreytingu breytanlegra gerninga annarra en skuldabréfanna, skiptingar hlutafjár (e. share split), samruna, yfirtöku, arðsúthlutunar eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða (þ.m.t. slit félagsins, t.d. við samruna eða skiptingu). Skuldabréfin eru breytanleg í umbreytingarhluti í samræmi við skilmála skuldabréfanna ef umbreytingar atburður (eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum skuldabréfanna) á sér stað á meðan skuldabréfin eru útstandandi. Umbreytingarhlutir skulu við umbreytingu teljast greiddir að fullu og veita sömu réttindi og fela í sér sömu skyldur og aðrir hlutir í félaginu í samræmi við samþykktir þessar. Með vísan til ákvörðunar hluthafafundar, hafa hluthafar félagsins afsalað sér forgangsrétti sínum til áskriftar í tengslum við útgáfu umbreytingarhluta.
- 3.4 Aðalfundur haldinn hinn 16. mars 2021 veitir stjórn bankans heimild, á tímabilinu fram að aðalfundi bankans árið 2025, í eitt eða fleiri skipti, með frávikum frá hvers kyns forgangsrétti hluthafa, til að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að fjárhæð kr. 20.000.000.000 eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldmiðlum („nýju skuldabréfin“), sem uppfylla kröfur sem viðbótar eigin fjár þáttur 1 samkvæmt 51. og 52. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR). Nýju skuldabréfin skulu vera varanleg (án gjalddaga), víkjandi og breytanleg í hluti í félaginu. Er stjórn félagsins heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt nýju skuldabréfunum. Endanleg fjárhæð nýju skuldabréfanna og skilyrði umbreytingarinnar skulu ákvörðuð þannig að heildarfjöldi hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu („umbreytingarhlutirnir“), á grundvelli þessarar heimildar, skulu ekki verða fleiri en 600.000.000 hlutir. Hámarksfjöldi nýrra umbreytingarhluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu nýju skuldabréfanna getur þó aukist samkvæmt skilmálum og skilyrðum nýju skuldabréfanna, s.s. vegna hvers kyns útgáfu hluta á lægra verði en markaðsverði, útgáfu
- 3.3 With reference to a Shareholders Resolution dated 20 March 2019 (the “Shareholders Resolution”), on 26 February 2020, convertible notes (the “Notes”) that meet the additional tier 1 requirements according to Article 51 and 52 of Regulation (EU) on Prudential Requirements for Credit Institutions and Investment Firms, No. 575/2013 (CRR), in the total initial amount of USD 100,000,000 were issued and listed on the Luxembourg Stock Exchange. The Notes are perpetual, subordinated convertible notes and are issued under the EUR 3,000,000,000 EMTN Programme of the Company. The Board of Directors is authorised to issue new shares in the Company in order to fulfil the Company’s obligations under the Notes. The amount of the Notes and conditions for conversion is set so that the total number of shares which may be issued upon conversion of the Notes (the “Conversion Shares”), by virtue of this authorisation, may not exceed 211,416,490 shares. The maximum number of Conversion Shares which may be issued upon conversion of the Notes may be increased pursuant to the terms and conditions of the Notes, including in the event of any discounted share issue, bonus issue, discounted rights issue, any other issue of securities to shareholders as a class or issue of other convertible securities, conversion of convertibles other than the Notes, share split, mergers, acquisitions, dividend distributions or similar corporate events (including the Company’s dissolution by way of merger or division). The Notes are convertible into Conversion Shares in accordance with the terms and conditions of the Notes if a Conversion Trigger Event (as defined in the terms and conditions of the Notes) occurs at any time while they are outstanding. The Conversion Shares shall upon conversion be deemed as fully paid and have the same rights and obligations as other shares in the Company in accordance with these Articles of Association. With reference to the Shareholders Resolution, the shareholders of the Company have waived any preferential rights with respect to subscription of the Conversion Shares.
- 3.4 By a shareholders resolution of the Annual General meeting of the Company on 16 March 2021, the Board of Directors is authorised, for the period until the annual general meeting in 2025, on one or several occasions, with deviation from any shareholders preferential rights, to issue convertible notes for the maximum amount of ISK 20,000,000,000 or equivalent amount in other currencies (the “New Notes”) that meet Additional Tier 1 requirements according to Article 51 and 52 of Regulation (EU) on Prudential Requirements for Credit Institutions and Investment Firms, No. 575/2013 (CRR). The New Notes shall be perpetual (without a maturity date), subordinated and convertible into shares in the Company. Final loan amounts and conditions for conversion shall be set so that the total number of shares which may be issued upon conversion of the New Notes (the “New Conversion Shares”), by virtue of this authorisation, may not exceed 600,000,000 shares. The maximum number of New Conversion Shares which may be issued upon conversion may however be increased pursuant to the terms and conditions of the New Notes e.g. in the event of any discounted share issue, bonus issue, discounted rights issue, any other issue of securities to shareholders as a



jöfnunarhluta, útgáfu áskriftarréttinda á lægra verði en markaðsverði, hvers kyns annarrar útgáfu fjármálagerninga til hluthafa í heild eða útgáfu annarra breytanlegra gerninga, umbreytingu breytanlegra gerninga annarra en nýju skuldabréfanna, skiptingar hlutafjár (e. share split), samruna, yfirtöku, arðsúthlutunar eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða (þ.m.t. slit félagsins, t.d. við samruna eða skiptingu). Nýju skuldabréfin skulu vera breytanleg í nýja umbreytingarhluti í samræmi við skilmála nýju skuldabréfanna. Nýju skuldabréfin skulu ekki umbreytanleg að vali skuldabréfaeigenda. Nýju umbreytingar hlutirnir skulu við umbreytingu teljast greiddir að fullu og veita sömu réttindi og fela í sér sömu skyldur og aðrir hlutir í félaginu í samræmi við samþykktir þessar. Hluthafar félagsins afsala sér forgangsrétti sínum til áskriftar í tengslum við útgáfu nýju umbreytingarhlutanna. Stjórn skal ákveða alla aðra skilmála og skilyrði vegna útgáfu á grundvelli þessarar heimildar.

3.5 Stjórn félagsins er heimilt, fram til aðalfundar árið 2022, að gefa út áskriftarréttindi fyrir allt að 54.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Stjórn er jafnframt í fimm ár, til 17. mars 2025, heimilt að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við nýtingu áskriftarréttindanna. Stjórn ákveður hverjir fá rétt til að taka þátt í útboði þessara réttinda. Hvorki hluthafar né aðrir skulu njóta forgangsréttar til áskriftarréttindanna né hluta sem gefnir eru út í tengslum við nýtingu þeirra. Stjórn ákveður endanlegt söluverð áskriftarréttindanna á grundvelli áskriftarsöfnunar í lokuðu útboði og nánari skilmála þeirra.

3.6 Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

#### 4 Hlutabréf og hlutaskrá

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild hlutaskrá þess og skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Réttindum sem úthlutað skal á grundvelli hlutafjáreignar í félaginu, s.s. arði og jöfnunarhlutum, skal úthlutað til þess aðila sem á þeim tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða önnur réttindi misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að skrá eigendaskipti að hlutum.

#### 5 Réttindi og skyldur hluthafa

5.1 Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggeringi.

5.2 Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

class or issue of other convertible securities, conversion of convertibles other than the New Notes, share split, mergers, acquisitions, cash or non-cash dividend or similar corporate events (including the Company's dissolution by way of merger or division). The New Notes shall be convertible into Conversion Shares in accordance with the terms and conditions of the New Notes. The New Notes will not be convertible at the option of the holders. The New Conversion Shares shall upon conversion be deemed as fully paid and have the same rights and obligations as other shares in the Company in accordance with these Articles of Association. By the shareholders resolution, the shareholders of the Company waive any preferential rights with respect to subscription of the New Conversion Shares. The Board of Directors shall resolve on all other terms and conditions for issuance according to this authorisation.

3.5 The Board of Directors of the Company is authorised, until the Company's Annual General Meeting in 2022, to issue warrants for up to 54,000,000 new shares in the Company. The Board of Directors is furthermore authorised for five years, until 17 March 2025, to increase the Company's share capital in relation to the exercise of the warrants. To whom the warrants are offered shall be at the discretion of the Board of Directors. Neither shareholders, nor others, shall enjoy priority rights to the warrants nor shares issued in relation to their exercise. The Board of Directors determines the final price of the warrants on the basis of a book-building process in a private placement and other terms and conditions of the warrants.

3.6 Only a shareholder's meeting can resolve on the reduction of share capital, such resolution requiring the same number of votes as required for the amendment of these Articles of Association.

#### 4 Shares and shareholder register

The Company's shares are electronically registered in a securities depository as provided for by Act No. 7/2020, on Securities Depositories, Settlement and Electronic Registration of Title to Financial Instruments. A statement from the securities depository concerning title to shares in the Company constitutes a qualified share register and a valid proof of title to shares in the Company. Any rights to be allotted on the basis of shares, including dividends and bonus shares, shall at each time be allotted to the party recorded in the Company's register of shares as the owner of the respective shares. The Company shall not be responsible for payments or other rights which may go astray as a result of failure to register changes in ownership of shares.

#### 5 Rights and obligations of shareholders

5.1 Shareholders bear no responsibility for the Company's obligations beyond their holding in the Company unless they assume such obligations through a specific legal instrument.

5.2 No privileges are conferred by shares in the Company.

5.3 Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn hluta sinna nema lög mæli svo fyrir um. 5.3 Shareholders shall not be subject to redemption of their shares unless so provided for by law.

## 6 Eigendaskipti að hlutum, veðsetning o.fl.

## 6 Transfer of shares, security etc.

6.1 Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Meðferð virkra eignarhluta sætir takmörkunum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Hluti í félaginu má framselja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Um skrásetningu veðréttinda, eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer samkvæmt löggjöf um rafræna eignaskráningu verðbréfa, eins og hún er á hverjum tíma. 6.1 No restrictions are placed on transactions with shares in the Company. Transactions with qualifying holdings are subject to limitations under the Act on Financial Undertakings. Shares in the Company may be transferred or pledged unless otherwise provided for by law. Registration of lien rights and changes in ownership and their implementation are subject to currently existing legislation on electronic registration of title to securities.

6.2 Félagið má ekki veita lán eða aðra fyrirgreiðslu gegn tryggingu í hlutum sem útgefni eru af félaginu sjálfu. 6.2 The Company may not grant loans or other credit against security in the form of shares issued by the Company itself.

## 7 Eigin hlutir félagsins

## 7 Own shares

7.1 Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigin hluti að því marki sem lög heimila. Verði heimild til kaupa og eignarhalds á eigin hlutum veitt af hluthafafundi, skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi. 7.1 The Company may purchase and hold its own shares to the extent currently authorised by law. If authorisation to purchase and hold own shares is granted by a shareholders' meeting this must be recorded in a special Annex to these Articles of Association and such Annex shall be an integral part of the Articles during such time as it is valid.

7.2 Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft. 7.2 Voting rights may not be exercised for those shares owned by the Company itself.

## 8 Rafræn samskipti félagsins við hluthafa

## 8 Electronic communications between the Company and shareholders

Félaginu er heimilt að nýta rafræn skjalasamskipti og tölvupóst í samskiptum milli félagsins og þeirra hluthafa sem þess óska í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa, s.s. varðandi boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að skuli sendar hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta við hluthafa og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem hluthafar skulu nýta til slíkra samskipta og skulu reglurnar birtar á vefsíðu félagsins. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta ósk sína þar að lútandi í samræmi við þær reglur sem félagsstjórn setur.

The Company may utilise electronic communications and e-mail for communications between the Company and shareholders who so request instead of sending or submitting documents on paper. This authorisation shall apply to any and all types of communications between the Company and shareholders, such as announcements of shareholders' meetings, dividend payments or other notifications which the Board may decide to send shareholders. Such electronic communications are equivalent to communications on paper. The Board of Directors shall adopt rules on the procedures for electronic communications with shareholders and the requirements set for software to be used by shareholders for such communications; these rules shall be published on the Company's website. Those shareholders intending to avail themselves of electronic communications with the Company in this manner must confirm their requests to this effect in accordance with rules adopted by the Board of Directors.

### III. kafli Hluthafafundir

### Section III Shareholder meetings

## 9 Réttur til fundarsetu

## 9 Right to attend meetings

9.1 Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund, taka þar til máls og neyta þar atkvæðisréttar síns. 9.1 Shareholders exercise their decision-making powers at shareholders' meetings. All shareholders are entitled to attend a shareholders' meeting, to address the meeting and exercise their voting rights.

9.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi, stjórnarmenn og forstjóri félagsins. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. 9.2 In addition to shareholders and their proxies, the auditor, directors and the CEO of the Company have the right to attend shareholders' meetings. They shall have unrestricted



Skal nefndarmönnum undirnefnda stjórnar jafnframt heimilt að sitja hluthafafundi. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt, og dagsett, umboð. Umboð skal leggja fram eigi síðar en á fundi og gildir það einungis til fundarsetu á viðkomandi hluthafafundi, nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

- 9.3 Sé stjórnarkjör á dagskrá hluthafafundar skulu nefndarmenn tilnefningarnefndar félagsins og frambjóðendur til stjórnar hafa rétt til setu á fundinum og til að taka þar til máls.

## 10 Boðun hluthafafundar

- 10.1 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, sem og ef endurskoðandi félagsins eða hluthafar sem ráða yfir 1/20 hlutfjár félagsins krefjast þess skriflega. Skulu þeir þá jafnframt senda stjórninni greinargerð um það hvers vegna þeir krefjast fundarins og tilkynnir stjórnin þá hluthöfum um fundarefnið með fundarboðinu.
- 10.2 Boðað skal til hluthafafundar minnst 21 degi og lengst 28 dögum fyrir fund, lengst 42 dögum í tilviki aðalfundar, nema skemmri fyrirvari sé heimilaður lögum samkvæmt. Framhaldshluthafafundi skal boða með sama hætti og með sama fresti og aðra hluthafafundi.
- 10.3 Boðað skal til hluthafafundar með auglýsingu í fjölmiðlum, einum eða fleiri, og einnig með rafrænum hætti eða með öðrum sannanlegum hætti þannig að hluthöfum sé tryggður skjóttur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Skulu við boðunina notaðir traustir miðlar sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska Efnahagssvæðinu.
- 10.4 Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum aðalfundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Slíka kröfu má gera síðar, en þó eigi síðar en viku eftir að endanleg dagskrá og tillögur stjórnar fyrir aðalfundinn hafa verið birtar eða 10 dögum fyrir fundinn, eftir því hvor fresturinn rennur út síðar. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.
- 10.5 Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema

rights to speak and submit motions at the meeting. Members of the Board's sub-committees shall also be allowed to attend shareholders' meetings. The Board of Directors may also invite experts to attend individual shareholders' meetings. A shareholder may attend a meeting along with its advisor, but such advisor has neither the right to submit proposals nor to vote at shareholders' meetings. A shareholder is, however, authorised to allow his advisor to speak on his behalf. Any proxy attending a shareholders' meeting on behalf of a shareholder shall present a written or electric, and dated, power of attorney. The power of attorney shall be presented no later than at the meeting and shall be deemed valid only for attendance at that shareholders' meeting unless otherwise clearly stated in the power of attorney. A power of attorney may be revoked at any given time.

- 9.3 In the event a Board election is on the agenda of a shareholders' meeting, members of the Company's nomination committee and Board candidates shall have the right to attend the meeting and to speak at such meeting.

## 10 Calling of shareholders' meetings

- 10.1 The Company's Board of Directors shall convene shareholders' meetings when it considers this necessary or if the Company's auditor or shareholders controlling 1/20 of the Company's share capital so request in writing. In such case those parties must send a statement to the Board of Directors as to why they request the meeting and the Board will then notify shareholders of the meeting agenda in the meeting announcement.
- 10.2 A shareholders' meeting must be convened with at least 21 and no more than 28 days' notice, in case of Annual General Meeting no more than 42 days' notice, unless a shorter notice is permissible by law. A follow-up shareholders' meeting shall be convened in the same manner and with the same notice as other shareholders' meetings.
- 10.3 A shareholders' meeting shall be convened with an advertisement in one or more mass media and also by electronic means or other verifiable means, so that shareholders are ensured prompt and equal access to the announcement. Reliable media shall be used for the announcement to ensure effective distribution of information to the general public in the European Economic Area.
- 10.4 Each shareholder is entitled to have a specific matter dealt with at a convened Annual General Meeting, if it makes a written or electronic request for such to the Board of Directors with sufficient notice to allow the matter to be placed on the agenda of the meeting. Such a request may be made later, however, no later than one week following the date on which the Board's final agenda and proposals for the Annual General Meeting have been published, or 10 days prior to the meeting, whichever deadline expires later. The request must be accompanied by grounds for the same or a draft resolution for the Board of Directors. Information on such request must be published on the Company's website no later than three days prior to the meeting together with the proposal and, as the case may be, the revised meeting agenda.
- 10.5 Matters which have not been listed on the agenda of a shareholders' meeting cannot be dealt with for final

með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá, kemur það ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til þess að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða samþykktum þessum. Löglega fram bornar viðaukæða breytingatillögur má þó bera upp á fundinum sjálfum þó svo þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

## 11 Lögmæti fundar

Hluthafafundur telst lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega var til hans boðað og fundurinn er sóttur af einum eða fleiri hluthöfum.

## 12 Fundarstaður og fundarstjórn

- 12.1 Heimilt er að halda hluthafafundi félagsins annars staðar en á heimili félagsins.
- 12.2 Hluthafafundur stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

## 13 Rafrænir hluthafafundir

- 13.1 Félagsstjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins að mati stjórnar örugg og fullnægir kröfum hlutafélagalaga.
- 13.2 Ákvörðunar um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað sem hluthafar þurfa til þess að geta tekið þátt í fundinum, upplýsingar um hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, upplýsingar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar sem átt geta við. Sé hluthafafundur haldinn með rafrænum hætti að einhverju eða öllu leyti, skal innslegið aðgangsorð í hinn tilgreinda fjarskiptabúnað jafngilda undirritun viðkomandi hluthafa og telst það staðfesting á þátttöku hans á hluthafafundinum. Ef hluthafafundur er haldinn með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti, skulu hluthafar sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund og þá samtímis leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Að öðru leyti gilda um slíkar atkvæðagreiðslur ákvæði 80. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélag með síðari breytingum.

resolution at the meeting without the consent of all the Company's shareholders but resolutions may be adopted concerning them to serve as direction for the Board. Even if an item was not listed on the meeting agenda, this shall not preclude the calling of an extraordinary general meeting to discuss this item; in addition, an Annual General Meeting may always finalise those items which it is required to handle by law or these Articles of Association. Supplementary motions or amendments, legally submitted, may be raised at the meeting itself, however, despite not having been available to shareholders beforehand.

## 11 Legality of meetings

A shareholders' meeting shall be duly constituted, regardless of attendance, if it was lawfully convened and if one or more shareholders attend the meeting.

## 12 Place of meeting and chairing

- 12.1 A meeting of the Company's shareholders may be held at a location other than the Company's head office.
- 12.2 A meeting chairman elected by the shareholders' meeting will direct the meeting and appoint a secretary with the shareholders' meeting consent. The meeting chairman shall resolve all disputes concerning lawfulness of the meeting in accordance with these Articles of Association and law. The meeting chairman shall further decide on the process of debates, procedures of matters and voting.

## 13 Electronic shareholders' meetings

- 13.1 The Board of Directors may decide to hold a shareholders' meeting by electronic means, either in full or in part, provided the technology to be used for the meeting is determined by the Board to be secure and fulfils the requirements of the Public Limited Companies Act.
- 13.2 A decision to hold a shareholders' meeting by electronic means shall be stated in the meeting announcement. This shall also provide information on the necessary technical equipment which shareholders require to participate in the meeting, information as to how shareholders are to give notice of their participation, information as to how voting will take place and where shareholders can obtain instructions on telecommunications equipment, passwords for access to the meeting and other relevant information. If a shareholders' meeting is held in part or in full by electronic means a password entered in the specified telecommunications equipment shall be equivalent to the signature of the respective shareholder and shall be considered confirmation of its participation in the shareholders' meeting. If a shareholders' meeting is held in part or in full by electronic means shareholders intending to attend the meeting electronically must notify the Company's office of their participation no later than five days prior to the shareholders' meeting and at the same time submit questions concerning the agenda or documentation provided for which they request answers at the meeting. In other respects such voting is governed by the provisions of Art. 80 a of Act No. 2/1995, on Public Limited Companies, as subsequently amended.



## 14 Atkvæðavægi og atkvæðagreiðsla

- 14.1 Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri krónu nafnverðs hlutafjár.
- 14.2 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða niðurstöðu nema á annan veg sé mælt fyrir í lögum eða samþykktum þessum. Falli atkvæði um tillögu jöfn telst tillögunni hafa verið hafnað. Ef tveir menn fá jafn mörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti milli þeirra ráða niðurstöðu.
- 14.3 Fundargerðir skulu færðar í fundargerðabók og teljast þær fullgild sönnun þess sem fram fór á hluthafafundi. Fundargerð skal lesin upphátt fyrir fundarlok, sé þess óskað af hálfu hluthafa, og skrá skal þær athugasemdir við hana sem þá koma fram. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðina, en fundarmenn ekki.

## 15 Upplýsingagjöf

Hluthafa er heimilt að krefjast þess, að því gefnu að slíkt verði ekki til verulegs tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar, að félagsstjórn og bankastjóri leggi á hluthafafundi fram upplýsingar um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti eða málefni sem geta haft áhrif á afstöðu hluthafa til mála, er ákvörðun á að taka um á fundinum. Um upplýsingaskyldu þessa fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga.

## 16 Aðalfundur

- 16.1 Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar með sama hætti og til annarra hluthafafunda.
- 16.2 Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:
- (i) Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag félagsins síðastliðið reikningsár.
  - (ii) Staðfesting ársreiknings félagsins og samstæðureiknings.
  - (iii) Ákvörðun um hvornig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á síðastliðnu reikningsári.
  - (iv) Kosning stjórnar félagsins, sem og kjör formanns og varaformanns stjórnar.
  - (v) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
  - (vi) Kosning endurskoðunarfélags.
  - (vii) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
  - (viii) Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd félagsins.
  - (ix) Kosning eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins, ef við á.
  - (x) Önnur mál.

## 14 Voting powers and process

- 14.1 At shareholders' meetings, one vote is attached to each ISK 1 nominal value of share capital.
- 14.2 The majority of votes shall determine the outcome at shareholders' meetings, unless otherwise provided for by law or these Articles. A tie vote shall mean that a motion is rejected. If two persons receive an equal number of votes in an election, the outcome shall be decided by lot.
- 14.3 Minutes of meetings shall be recorded in the meeting record book and be considered fully valid proof of what took place at the shareholders' meeting. The minutes shall be read aloud prior to the conclusion of the meeting, if requested by shareholders, and any comments raised concerning them shall be recorded. The meeting chairman and meeting secretary shall sign the minutes but not meeting attendees.

## 15 Provision of information

A shareholder may request, provided such will not result in substantial losses to the Company in the estimation of the Board of Directors, that the Board and CEO present the shareholders' meeting with information on those issues of significance for assessment of the Company's annual financial statements and its situation in other respects or on issues which could affect shareholders' position on questions which are to be decided at the meeting. Provisions of the Public Limited Companies Act shall apply in other respect to such information disclosure.

## 16 Annual General Meeting

- 16.1 The Company's Annual General Meeting shall be held before the end of April each year. The Company's Board of Directors shall announce the Annual General Meeting in the same manner as other shareholders' meetings.
- 16.2 The following items shall be on the agenda of the Annual General Meeting:
- (i) The Report of the Board of Directors on the Company's operations, activities and financial situation during the preceding financial year
  - (ii) Adoption of the Company's annual financial statements and consolidated financial statements.
  - (iii) Decision as to how any profit or loss by the Company during the preceding financial year shall be dealt with.
  - (iv) Election of the Company's Board of Directors, as well as the appointment of the Chairman of the Board and Vice Chairman.
  - (v) Decision on remuneration to the Board of Directors and compensation to members of the Board's sub-committees.
  - (vi) Election of an auditing firm.
  - (vii) Proposal from the Board of Directors concerning the Company's remuneration policy.
  - (viii) Appointment of two members of the Company's Nomination Committee.
  - (ix) Appointment of one member of the Company's Audit Committee, if applicable.

16.3 Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutfjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um liði ii) og iii) í grein 16.2 til framhaldsaðalafundar sem skal haldinn í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

(x) Other matters.

16.3 If so requested in writing at an Annual General Meeting by shareholders controlling at least one-third of share capital, a decision on items ii) and iii) of Art. 16.2 shall be postponed to a follow-up Annual General Meeting, to be held no sooner than one month and no later than two months after the Annual General Meeting. A further postponement cannot be requested.

#### IV. kafli Félagsstjórn

### 17 Skipan stjórnar og stjórnarkjör

17.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm til átta einstaklingum og allt að þremur til vara, sem allir skulu kjörnir á hluthafafundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum.

17.2 Við stjórnarkjör skal þess gætt að hlutfall hvors kyns í aðalog varastjórn félagsins sé ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða stjórnarkjörs í félaginu, hvort heldur er í aðalog/ eða varastjórn, á þann veg að framangreint kynjahlutfall náist ekki, telst stjórnarkjörið ógilt. Þar til lögmæt kosning hefur farið fram þar sem áskilið kynjahlutfall hefur náðst, skal eldri aðalog/eða varastjórn, eftir því sem við á, sitja áfram. Endurtaka skal stjórnarkjörið þegar í stað eftir að upplýsingar um ófullnægjandi niðurstöður stjórnarkjörs liggja fyrir. Verði skilyrðinu um kynjahlutfall ekki fullnægt við síðari kosningu skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar sem haldinn skal innan mánaðar. Skal framhaldsfundurinn boðaður með sama hætti og aðrir hluthafafundir. Skal þar stjórnarkjör endurtekið, þar til áskildu kynjahlutfalli er náð. Í kjöri á framhaldsfundinum skulu vera þeir aðilar sem buðu sig fram til stjórnar á fyrri fundinum, nema þeir hafi áður dregið framboð sitt til baka, en auk þeirra skulu þeir aðilar vera í kjöri sem skilað hafa inn framboði til stjórnar vegna þess stjórnarkjörs er fram fer á framhaldsfundinum. Skulu síðargreindu frambjóðendurnir gæta ákvæða greinar 17.3 varðandi framboð sitt. Hafi stjórnarkjör verið endurtekið þrisvar sinnum á framhaldsfundinum án þess að úrslit þess hafi leitt til fullnægjandi niðurstöðu samkvæmt framangreindu, þá skal litið svo á að sá frambjóðandi til stjórnar af því kyni sem á hallar til þess að fullnægjandi niðurstaða náist og flest atkvæði hefur hlotið af frambjóðendum þess kyns, sem ekki hlutu kjör til stjórnar, teljist réttkjörinn stjórnarmaður. Skal þá jafnframt sá frambjóðandi gagnstæðs kyns sem hlaut kjör til stjórnar en fæst atkvæði hefur á bak við sig víkja fyrir þeim stjórnarmanni sem þannig velst til stjórnar. Sé þörf fleiri einstaklinga en eins af öðru hvoru kyni til þess að framangreint kynjahlutfall náist, skal framangreind regla gilda um þann einstakling af því kyni sem á hallar og sem næst flest atkvæði hefur hlotið af þeim aðilum þess kyns sem ekki hlutu kosningu o.s.frv.

#### Section IV Board of Directors

### 17 Board composition and appointment

17.1 The Company's Board of Directors shall be comprised of five to eight individuals and at up to three alternates, all of whom shall be elected at a shareholders' meeting for a one-year term. Statutory provisions shall apply concerning eligibility of directors.

17.2 Care shall be taken in electing the Board to ensure at least 40% representation of each gender among directors and alternates. If the outcome of elections to the Company's Board of Directors, or its alternate Directors, is such that the above-mentioned gender representation is not achieved, the elections shall be deemed invalid. Until a legitimate election has taken place, resulting in the required gender representation, the previous Directors and/or alternates as the case may be shall continue. The election to the Board of Directors shall be repeated immediately after information is available as to the unsatisfactory outcome of an election. If the condition on gender representation is not satisfied in the latter election, the election to the Board of Directors shall be postponed to a follow-up meeting, which shall be held within one month. The follow-up meeting shall be convened in the same manner as other shareholders' meetings. There the election to the Board of Directors shall be repeated until the required gender representation is obtained. At the follow-up meeting those parties who were candidates at the previous meeting shall be eligible for election unless they have withdrawn as candidates; in addition, parties who have announced their candidacy for election at the follow-up meeting shall also be eligible for election. The latter candidates must comply with provisions of Art. 17.3 with respect to their candidacy. If elections to the Board of Directors have been repeated three times at the follow-up meeting, without the outcome resulting in a satisfactory conclusion in accordance with the above, it shall be assumed that the candidate of the gender needed to achieve a satisfactory conclusion who has received the greatest number of votes of those candidates of the same gender who were not elected as directors is deemed to be lawfully elected a director. Furthermore, the candidate of the opposite gender who was elected with the lowest number of votes shall then step down in favour of the director thus elected. If more than one person of either gender is needed to achieve the above-mentioned gender representation the above rule shall apply to the person of the gender needed who has received the next highest number of votes of those candidates of that gender who were not elected etc.

17.3 Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í

17.3 Those individuals who intend to stand for election as





stjórnarkjóri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf þess hluthafafundar þar sem stjórnarkjör skal fara fram. Í tilkynningunni skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnar-störf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skulu frambjóðendur einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa félagsins sem eiga meira en 10% hlut í því.

17.4 Kosning stjórnar félagsins skal framkvæmd sem meirihlutakosning milli einstaklinga. Ef hluthafar sem ráða fyrir minnst 1/10 hluta hlutafjár krefjast skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst 5 sólarhringum fyrir upphaf þess hluthafafundar þar sem kjósa skal stjórn. Nú koma kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp þar sem krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

17.5 Formann og varaformann stjórnar skal kjósa sérstaklega á hluthafafundi. Stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

## 18 Skyldur og valdheimildir stjórnar

18.1 Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Félagstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félagsins og ritar hún firma þess. Félagstjórn fer að auki með málefni félagsins og skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi með tilliti til góðra viðskiptahátta og þeirra laga sem um rekstur félagsins gilda.

18.2 Stjórn félagsins ræður félaginu bankastjóra, einn eða fleiri, ákveður starfskjör hans innan marka þeirrar starfskjarastefnu sem samþykkt hefur verið af hluthafafundi og veitir honum lausn frá starfi.

18.3 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins. Félagstjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

18.4 Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18.5 Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

## 19 Fundir stjórnar

19.1 Formaður stjórnar félagsins boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Stjórnarfundi skal halda hvenær sem formaðurinn telur þess þörf. Formaður skal að auki boða til stjórnarfundar ef einn eða fleiri stjórnarmenn, eða bankastjóri, óska þess.

19.2 Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarnanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla

directors must give notice of their candidacy in writing to the Board of Directors no later than five days prior to the commencement of the shareholders' meeting at which the election is to take place. In their notification candidates must provide details including their name, Id. No., address, principal employment, other directorships held, education, experience and holding in the Company. Disclosure shall also be made of interest connections with the Company's principal customers and competitors, as well as with shareholders holding more than 10% in the Company.

17.4 Election of the Board of Directors shall be made by majority voting between individuals. If shareholders controlling at least 1/10 of the Company's share capital so demand, election of directors shall be by proportional or cumulative voting. Such demand must be received by the Company's Board of Directors at least five days before the commencement of the shareholders' meeting where the Board is to be elected. Should demands be received from more than one shareholder group, for both proportional and cumulative election, cumulative election shall be applied.

17.5 The shareholders' meeting shall elect a Chairman and Vice Chairman. The Board shall divide responsibility for other tasks between members as deemed necessary

## 18 Obligations and powers of the Board of Directors

18.1 The Company's Board of Directors exercises supreme authority in its affairs between Annual General Meetings. The Board of Directors is the Company's spokesman and obliges the Company. In addition, the Board of Directors determines Company issues and is to ensure that the Company's organisation and activities are generally sound and proper with regard to good business practices and the legislation which applies to the Company's operations.

18.2 The Company's Board of Directors shall engage one or more CEOs, determine the terms of his/her employment within the limits set by the remuneration policy adopted by a shareholders' meeting and dismiss the CEO from his/her position.

18.3 The signatures of a majority of directors bind the Company. The Board also grants power of procuration for the Company.

18.4 The Company's Board of Directors shall adopt its own protocols, prescribing the implementation of its tasks in detail.

18.5 In other respects legislation shall provide for the responsibilities, powers and tasks of the Board of Directors.

## 19 Board meetings

19.1 The Chairman of the Company's Board of Directors shall call and direct meetings. Board meetings shall be held whenever the Chairman deems necessary. In addition, the Chairman shall call a Board meeting if one or more directors, or the CEO, so request.

19.2 A Board meeting has a quorum if a majority of directors attend. Major decisions, however, may not be taken without all directors having had the opportunity to discuss

um málið, sé þess kostur. Stjórnarmönnum skal heimilt að sækja fund í gegnum síma eða önnur margmiðunartæki, ef þörf krefur, nema slíkt hamli þeim verkefnum sem stjórnarfundurinn skal sinna.

- 19.3 Bankastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilfellum. Endurskoðendur félagsins eiga sömuleiðis rétt á að sitja stjórnarfundum.
- 19.4 Til þess að ákvörðun stjórnarfundar teljist samþykkt, skal hún hljóta samþykki meirihluta stjórnarmanna. Falli atkvæði um tillögu sem til afgreiðslu er jöfn, ræður atkvæði formanns stjórnar úrslitum. Í fjarveru formanns ræður atkvæði varaformanns úrslitum.
- 19.5 Stjórn félagsins skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og skulu fundarmenn staðfesta efni fundargerðar með undirskrift sinni, hvort heldur sem er skriflegri eða rafrænni undirritun. Sé einhver stjórnarmanna eða forstjóri ekki sammála ákvörðun stjórnar á viðkomandi rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

## 20 Bankastjóri

- 20.1 Bankastjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.
- 20.2 Bankastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu eða fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar þegar litið er til starfsemi félagsins. Slíkar ráðstafanir getur bankastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis eða áhættu fyrir starfsemi félagsins, en í slíkum tilfellum skal bankastjóri hafa samráð við stjórnarformann, sé þess nokkur kostur, og síðan skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
- 20.3 Bankastjóri er framkvæmdastjóri félagsins að lögum og er heimilt að koma fram fyrir hönd félagsins í málefnum sem falla innan verksviðs hans.
- 20.4 Bankastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður félagsins séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

## V. kafli Reikningar og endurskoðun

### 21 Reikningshald

- 21.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins skal útbúa ársreikning og ársskýrslu fyrir hvert reikningsár.
- 21.2 Ársreikningur, þ.m.t. samstæðureikningur, skal unninn og gerður í samræmi við ákvæði laga, góða reikningsskilavenju og þá reikningsskilastaðla sem félagið hefur ákveðið að fylgja, m.a. hvað snertir mat á ýmsum liðum ársreiknings, framsetningu hans, sundurliðun hans,

the matter if at all possible. Directors may participate in meetings by telephone or other multimedia equipment, if necessary, unless this obstructs the tasks of the meeting.

- 19.3 Although not a director, the CEO attends meetings of the Board of Directors, at which he/she is entitled to speak and make proposals, unless the Board decides otherwise in individual instances. The Company's auditors shall similarly be entitled to attend Board meetings.
- 19.4 In order for a decision to be adopted by a Board meeting it must receive the approval of a majority of directors. In the case of a tie, the Chairman shall have a casting vote. In the absence of the Chairman, the Vice Chairman shall have a casting vote.
- 19.5 The Board of Directors must keep minutes of the proceedings of Board meetings and endorse the substance of the minutes with their signatures, either by hand-written signature or electronic signature. Should any director or the CEO disagree with a decision by the Board the person concerned shall be entitled to have the dissenting opinion recorded in the minutes.

## 20 CEO

- 20.1 The CEO and the Board of Directors shall jointly direct the Company.
- 20.2 The CEO shall handle the Company's everyday operations, implementing the policy or instructions provided by the Board of Directors. Everyday operations shall not include measures which are unusual or major in the context of the Company's operations. The CEO may only take such measures in accordance with specific authorisation from the Board of Directors, unless it be impossible to await the Board's decision without considerable inconvenience or risk to the Company's operations; in such cases the CEO shall consult the Chairman of the Board if at all possible and the Board shall subsequently be notified of the measure without delay.
- 20.3 The CEO shall serve as managing director of the Company as provided for by law and may speak for the Company on issues falling within his/her mandate.
- 20.4 The CEO is to ensure that the Company's accounts and finances comply with legislation and good accounting practice and that handling of the Company's assets is secure.

## Section V Accounting and auditing

### 21 Accounting

- 21.1 The Company's financial year shall be the calendar year. The Board of Directors shall prepare its annual financial statements and annual report for each financial year.
- 21.2 The annual financial statements, including the consolidated statements, shall be prepared and compiled in accordance with law, good accounting practice and the financial reporting standards which the Company has decided to follow, including with regard to assessments of



skýringar við ársreikninginn og heiti liða.

various items in the financial statements, their presentation, breakdown, notes and nomenclature.

## 22 Endurskoðun

- 22.3 Á aðalfundi skal kjósa félaginu endurskoðunarfélag til a.m.k. eins árs í senn. Kjósa skal sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Skal endurskoðunarfélagið endurskoða reikninga félagsins og skal það hafa aðgang að öllu bókhaldi og skjölum félagsins í þeim tilgangi.
- 22.2 Að öðru leyti en hér segir fer að lögum um starf og hæfi endurskoðanda félagsins.

## VI. kafli Breytingar á samþykktum félagsins, samruni og skipting

### 23 Breytingar á samþykktum

- 23.1 Samþykktum þessum má breyta á lögmætum hluthafafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, sem og samþykki hluthafa sem fara með a.m.k. 2/3 hluta þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé ekki annað samþykkishlutfall áskilið í lögum eða samþykktum þessum.
- 23.2 Ef taka á tillögur til breytinga á samþykktum til meðferðar á hluthafafundi, skal gerð grein fyrir meginefni slíkra tillagna í fundarboði.

### 24 Útgáfa gerninga í tengslum við skilaaðgerðir

Félagið hefur heimild til útgáfu viðeigandi fjölda nýrra gerninga sem teljast til almenns eiginfjárþáttar 1, samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem eru fullnægjandi til þess að framfylgja ákvörðun skilavalds Seðlabanka Íslands skv. VI. kafla laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja eða eftirgjöf skv. 54. og 55. gr., sbr. E-hluta X. kafla sömu laga. Skulu ákvæði greina 3.1 og 3.6 samþykta þessara um tilskilið samþykki hluthafa fyrir hækkun og lækkun hlutfjár, og ákvæði 3.2 um forgangsrétt hluthafa, ekki gilda um breytingar á hlutfé samkvæmt þessari 24. gr. Ákvæði greinar 2.1 samþykta þessara, um hlutfé félagsins, skal jafnframt uppfært án tafar til að endurspeglar breytingar á hlutfé samkvæmt þessari grein og krefst ekki frekara samþykkis hluthafa.

### 25 Slit félagsins. Samruni. Skipting

Um slit félagsins, samruna þess við önnur félög eða skiptingu þess í tvo eða fleiri lögaðila skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutfélög, laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og annarra laga eftir því sem við á. Ákvörðun um slíkar ráðstafanir verður aðeins tekin á hluthafafundi með sama atkvæðamagni og þarf til breytingar á samþykktum

## 22 Auditing

- 22.1 The Company's Annual General Meeting shall elect an auditing firm for the Company, for a term of no less than one year. The same party shall be elected as auditor of a parent company, affiliate and subsidiary if at all possible. The auditing firm shall audit the Company's accounts and shall have access to all the Company's accounts and documents for such purpose.
- 22.2 In other respects the work and eligibility of the Company's auditor shall be governed by law.

## Section VI Amendments to the Company's Articles of Association, merger and dissolution

### 23 Amendments to the Articles of Association

- 23.1 These Articles of Association may be amended at a legally constituted shareholders' meeting by a 2/3 majority of votes cast, and if approved by shareholders controlling at least 2/3 of the share capital represented at the meeting, provided no other proportion is required by law or these Articles of Association for approval.
- 23.3 If motions for amendments are to be dealt with at a shareholders' meeting an account must be given of the principal substance of such motions in the meeting announcement.

### 24 Issuance of instruments in relation to resolution procedures

The Company is authorised to issue the amount of new common equity tier 1 instruments, in accordance with the Act No. 161/2002 on Financial Undertakings, required to enforce a decision of the Resolution Authority of the Central Bank of Iceland in accordance with Chapter VI of the Act No. 70/2020 on Resolution of Credit Institutions and Investment Firms or bail-in according to articles 54 and 55, according to part E of the same act. Articles 3.1 and 3.6 requiring shareholder approval for the increase and reduction of share capital, and Article 3.2 on priority rights of shareholders to subscribe to new shares, shall not apply to changes in share capital in accordance with this Article 24. Moreover, Article 2.1 of these Articles of Association, regarding the Company's share capital, shall be updated without undue delay to reflect the relevant change in share capital in accordance with this Article and does not require further shareholders' approval.

### 25 Winding-up of the Company. Merger. Division

The provisions of Act No. 2/1995 on Public Limited Companies, Act No. 70/2020 on Resolution of Credit Institutions and Investment Firms and other acts as appropriate shall apply to the Company's winding-up, its merger with other companies or division into two or more legal entities. A decision on such a measure can only be taken by a shareholders' meeting by the same power of

þessum.

votes as is required for amendments to these Articles of Association.

## **VII. kafli Önnur ákvæði**

## **Section VII Miscellaneous**

### **26 Önnur ákvæði**

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli fara, skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja eins og þau eru á hverjum tíma, auk annarra ákvæða laga, eftir því sem við getur átt.

### **26 Miscellaneous provisions**

The handling of any aspects not provided for in these Articles of Association shall be governed by the current provisions of the Act No. 2/1995 on Public Limited Companies, Act No. 161/2002 on Financial Undertakings, Act No. 70/2020 on the Resolution of Credit Institutions and Investment Firms and provisions of other legislation as applicable.



Viðauki nr. 1 við samþykktir Arion banka hf., sbr. grein 7.1:

Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 13. mars 2024 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans eigin hluti, þannig að félagið og dótturfélög eigi samanlagt allt að 10% af hlutafé bankans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem bankinn eignast á grundvelli heimildar þessarar má m.a. nota í þeim tilgangi að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum, sem gerðir eru á milli félagsins og starfsfólks þess, sem og til greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu og kaupaukakerfi bankans. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrir fram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2025 en hafi hann ekki farið fram 13. september 2025 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar. Slík afturköllun skal þó ekki hafa áhrif á endurkaupaviðskipti sem eru þegar hafin, eða þegar hefur verið stofnað til, fyrir þann dag.

Annex No. 1 to the Articles of Association of Arion Bank hf. pursuant to Art. 7.1:

The Annual General Meeting of Arion Bank hf. held on 13 March 2024 authorises the Board of Directors, based on Article 55 of the Company Act, No. 2/1995, to acquire on behalf of the Company own shares, causing the Company and its subsidiaries to hold up to 10% of issued share capital in the Company. The authorisation shall be used to set up a formal share repurchase program or for the purpose of offering shareholders generally to sell their shares to the Company, e.g. through auction, provided equal treatment of shareholders is ensured should such offer be made. Shares acquired by the Company hereunder may inter alia be used for the purpose of meeting the Company's obligations under share option agreements with its employees, and for payment of variable remuneration as per the Company's Remuneration Policy and variable remuneration framework. The repurchase of shares under this authorisation is conditional upon the prior approval of the Financial Supervisory Authority in accordance with Article 77 of Regulation (EU) on Prudential Requirements for Credit Institutions and Investment Firms, No. 575/2013 (CRR).

This authorisation shall remain in effect until the Company's Annual General Meeting in 2025 or 13 September 2025, whichever occurs first. Older authorisations to purchase own shares are cancelled with the approval of this authorisation. Such cancellation shall, however, not affect any repurchase transactions initiated and published prior to that date.

Viðauki nr. 2 við samþykktir Arion banka hf., sbr. grein 3.5:

Í kjölfar útboðs sem fram fór dagana 25. og 26. febrúar 2021, ákvað stjórn félagsins þann 28. febrúar 2021 að gefa út áskriftarréttindi fyrir 54.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Sérhver áskriftarréttur veitir eiganda rétt til að kaupa 1 kr. að nafnverði af hlutabréfum í félaginu á áskriftargengi sem miðast við meðaltal dagslokagengis dagana þegar útboð fór fram, að viðbættum 8% vöxtum á ári fram að nýtingu. Áskriftargengi og fjöldi réttinda verða leiðrétt komi til arðgreiðslna, hlutafjárhækkana, útgáfu jöfnunarhlutabréfa, lækkunar hlutafjár eða annarra sambærilegra atburða, eins og heildarskilmálar sem stjórn hefur samþykkt kveða á um. Líftími réttindanna er frá útgáfu þeirra og þar til 30 dögum eftir birtingu uppgjors fyrir 2. ársfjórðung árið 2024. Eiganda áskriftarréttinda er heimilt að nýta réttindi sín fjórum sinnum, í 30 daga gluggum sem opnast í kjölfar birtingar árs og árshlutauppgjóra, fyrst í kjölfar birtingar uppgjors 3. ársfjórðungs 2023 og síðast eftir birtingu uppgjors 2. ársfjórðungs 2024. Komi til nýtingar réttinda mun stjórn framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun.

Annex No. 2 to the Articles of Association of Arion Bank hf. pursuant to Art. 3.5:

Following a private placement which took place on 25 and 26 February, the Board of Directors resolved on 28 February 2021 to issue warrants for up to 54,000,000 new shares in the company. Each warrant grants the holder the right to purchase ISK 1 at nominal value in shares in Arion Bank at the warrant price which is based on the average daily closing price on the days on which the private placement took place, plus 8% interest a year until the exercised. The warrant price and the number of warrants will be adjusted in the event of dividend payments, share capital increases, the issue of bonus shares, share capital decreases or other comparable actions, as provided for in the full terms which have been approved by the Board of Directors. The duration of the warrants is from the date of issue until 30 days after the publication of the financial results for the second quarter of 2024. The holder of the warrants is entitled to exercise their warrants four times over a 12-month period before the end of the duration of the warrants, in a 30-day window which opens following the publication of the annual and interim financial statements. First after the publication of Q3 financial statements in 2023 and last after the publication of Q2 financial statements in 2024. If the warrants are exercised the Board of Directors will carry out the necessary share capital increase.

Þannig samþykkt af stjórn Arion banka hf. 31. maí 2024

Approved by the Board of Directors of Arion Bank hf. on 31 May 2024

---

Benedikt Gíslason



## Undirritunarsíða

f.h. Arion banka hf.  
Benedikt Gíslason